

Ár 2017, fimmtudaginn 30. mars, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

### Að ákveða laun og starfskjör skrifstofustjóra Alþingis

#### I.

Kjararáð úrskurðaði hinn 8. nóvember 2012 að heyra skyldi undir ráðið að ákveða laun og starfskjör skrifstofustjóra Alþingis.

#### II.

Kjararáði barst bréf dagsett 8. júlí 2016 frá skrifstofustjóra Alþingis þar sem þess er óskað að kjararáð endurskoði launakjör hans. Í bréfinu kemur fram að embætti skrifstofustjóra Alþingis lúti ekki aðeins að stjórn skrifstofunnar og starfsmannahaldi heldur hafi skrifstofustjórinn líka umsjón með þeirri aðstoð sem 63 alþingismenn og átta þingnefndir fá. Hann aðstoði einnig forseta Alþingis í störfum hans. Starfsmenn þingsins séu 120, en með þingmönnum og öðru fólki sem tengist störfum þingsins svo sem starfsmönnum þingflokka, aðstoðarmönnum formanna stjórnarmálaflökkanna o.fl. megi ætla að Alþingi sé vinnustaður nærri 200 manna. Fram kemur að skrifstofa Alþingis skiptist í þrjú meginvið, með tæpa 40 starfsmenn það stærsta og sex skrifstofur þar sem starfsmannafjöldi sé minni. Auk forstöðumanna starfi þrjú aðstoðarskrifstofustjórar með skrifstofustjóra Alþingis. Lykilstjórnendur sem heyri undir skrifstofustjóra séu því 12 með verkefni og ábyrgð sem jafna megi við störf skrifstofustjóra í ráðuneytum. Í bréfinu segir einnig að reglulegur vinnutími skrifstofustjóra Alþingis sé til kl. 19 hvern dag, ekki aðeins þingfundadaga heldur flesta virka vinnudaga. Þingfundir standi að jafnaði fram að eða fram yfir kl. 19, stundum lengur. Fram kemur að þingfundir eftir kl. 19 verið samtals um 129 klukkustundir árið 2014 og um 168 klukkustundir árið 2015. Viðvera skrifstofustjóra Alþingis sé því að jafnaði ekki skemmri, oft talsvert lengri. Ætla megi að yfirvinna hans sé að jafnaði meira en 50 stundir á mánuði, það er tvær stundir hvern virkan dag, en auk þess meira en 10 klukkustundir að jafnaði eftir kl. 19. Skrifstofustjórinn sé á stöðugri vakt. Á kvöldin, yfir helgar og í leyfum séu oft mikil samskipti við forseta þingsins, formenn stjórnarmálaflökka og þingflokka um pólitísk mál, oft tengd nýliðnum atburðum sem kalli á viðbrögð á þingi sem þurfi að undirbúa ýmist með símhringingum, dagskrárbreytingum eða skipulagningu umræðna. Oft séu þetta viðkvæm, vandmeðfarin og tímafrek mál. Starf skrifstofustjóra Alþingis sé því að fullu sambærilegt starfi ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneyti að því er lúti að umfangi, álagi og ábyrgð. Jafnframt sé eðlilegt út frá stöðu Alþingis að þessir embættismenn séu jafnstæðir að því er laun og starfskjör snerti. Við þetta megi svo bæta að með breyttri skipan ríkisfjármála hafi skrifstofa Alþingis með höndum samhæfingu á fjármálaáætlun málefnaáviðs 1, það er löggjafarvalds, Ríkisendurskoðunar og umboðsmanns Alþingis þar sem stofnanirnar heyri undir Alþingi. Að auki heyri hér undir rannsóknarnefndir Alþingis og framkvæmdir á Alþingisreit.

Með bréfum dagsettu 21. júlí 2016 gaf kjararáð fjármála- og efnahagsráðuneyti og forseta Alþingis kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindis skrifstofustjóra Alþingis, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 24. ágúst 2016. Í bréfinu segir að ráðuneytið telji eðlilegt að kjararáð horfi á þá launaþróun sem verið hafi við athugun á því hvort endurmeta eigi laun skrifstofustjóra Alþingis og að gætt sé jafnræðis við ákvarðanir kjararáðs.

Í bréfi forseta Alþingis dagsettu 11. ágúst 2016 segir að skrifstofustjóri Alþingis sé ráðinn af forsætisnefnd, sbr. 11. gr. þingskaparlaga. Hann sé embættismaður í skilningi starfs-

mannalaga nr. 70/1996, raunar talinn fyrstur þeirra í 22. gr. laganna. Skrifstofustjórinn sé í senn ráðgjafi forseta og forsætisnefndar um þingstörf, þingsköp og afgreiðslur mála, svo og þingmanna og þingnefnda en jafnframt stjórnandi skrifstofu Alþingis sem nú telji um 120 starfsmenn. Í bréfinu segir einnig að það hafi verið meginsjónarmið forseta Alþingis og forsætisnefndar að skrifstofustjóri Alþingis nyti sömu stöðu og kjara og ráðuneytisstjórinn í forsætisráðuneytinu; að helstu embættismenn Stjórnarráðs og Alþingis væru jafnsettir enda sé ábyrgð og umfang starfanna áþekkt. Forseti Alþingis staðfestir einnig í bréfinu að það sem skrifstofustjórinn segi í bréfi sínu um álag í starfi og krefjandi og langa viðveru á vinnustað sé rétt í öllum atriðum. Slíkt álag eigi að endurspeglast í einingagreiðslum.

Með bréfi dagsettu 31. ágúst 2016 fékk skrifstofustjóri Alþingis send framangreind bréf til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum um efni þeirra. Með bréfi skrifstofustjóra Alþingis dagsettu 7. september 2016 eru ekki gerðar athugasemdir við bréfin en fyrri sjónarmið ítrekuð.

### III.

Fjallað er um starf skrifstofustjóra Alþingis í 11. og 12. gr. laga nr. 55/1991 um þingsköp Alþingis, með síðari breytingum. Samkvæmt 11. gr. laganna ræður forsætisnefnd skrifstofustjóra til sex ára í senn. Hann stjórnar skrifstofu Alþingis og framkvæmdum á vegum þingsins og hefur umsjón með fjárreiðum þess og eignum í umboði forseta. Skrifstofustjóri situr fundi forsætisnefndar og er forseta og nefndinni til aðstoðar í öllu er varðar stjórn þingsins. Skrifstofustjóri ræður aðra starfsmenn þingsins. Samkvæmt 12. gr. laganna situr skrifstofustjóri Alþingis eða fulltrúi hans þingfundi og er forsetanum til aðstoðar. Þá skal skrifstofustjóri ásamt forseta sjá um að samþykktir þingsins séu skrásettar og rita forsetinn og skrifstofustjórinn undir þær.

### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skuli kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögunum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð ákvað skrifstofustjóra Alþingis laun 15. nóvember 2012. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjararáðs. Með vísan til þess sem að framan greinir um starf skrifstofustjóra Alþingis sem og þess innbyrðis samræmis sem kjararáði ber að gæta og áður er gerð grein fyrir telur kjararáð tilefni til breytinga á launum hans. Sem fyrr er það mat ráðsins að staða skrifstofustjóra Alþingis sé áþekkt stöðu ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytis og því rétt að laun þeirra séu sambærileg.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun skrifstofustjóra Alþingis skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

**Ákvörðunarorð**

Frá og með 1. júlí 2016 skulu mánaðarlaun skrifstofustjóra Alþingis vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 146, nú 1.339.043 krónur. Að auki skal greiða honum 50 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokk 502-136, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör skrifstofustjóra Alþingis gilda reglur kjararáðs frá 17. nóvember 2015.

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Hulda Árnadóttir

---

Svanhildur Kaaber